

# Staða leikskólakennara í tveimur sveitarfélögum í kjölfar hruns

Laufey Axelsdóttir, MA í kynjafræði

Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands

## Útdráttur

Í greininni er staða leikskólakennarastarfsins, sem er hefðbundið kvennastarf, skoðuð í tveimur sveitarfélögum í kjölfar efnahagslegs samdráttar. Rannsóknin er femínísk og er kenningarlegum ramma Lynn Weber (2001) um samvinnun mismunarbreyta beitt til að varpa ljósi á stöðu leikskólakennarastarfsins innan tveggja sveitarfélaga. Rannsóknaraðferðin var eigindleg en gagnasöfnun hófst í september 2011 og stóð fram í apríl 2012. Greinin byggir á þrettán viðtölum við konur og karla sem starfa í tveimur leikskólum og í ytra starfsumhverfi þeirra. Tekin voru viðtöl við leikskólakennara í ólíkum stöðum innan og utan leikskólanna sem og leiðbeinendur til að skoða stöðu leikskólakennarastarfsins. Niðurstöður sýna að efnahagslegur samdráttur hjá sveitarfélögunum tveimur virðist hafa neikvæð áhrif á stöðu leikskólakennarastarfsins og stöðu kvenna meðal annars á þann veg að undirskipun kvenna á vinnumarkaðinum er viðhaldið. Jafnframt virðist efnahagslegur samdráttur skapa aðstæður sem hugsanlega hafa neikvæð áhrif á líðan og öryggi leikskólabarna. Umbætur og þróun leikskólakennaramenntunar og þar með starfsins virðast mæta talsverðri andstöðu innan stjórnsýslu sveitarfélaganna. Rekstrarkostnaður virðist skipta meira máli en efling leikskólakennara. Þrátt fyrir að sérfræðingar hafi sýnt fram á mikilvægi lengingar leikskólakennaranámsins er því haldið fram af Sambandi íslenskra sveitarfélaga að hún sé óþörf. Ef bæta á stöðu leikskólakennara og stöðu barna skiptir máli að stefnu stjórnvalda sé framfylgt á sveitastjórnarstiginu.

**Efnisorð:** Leikskólakennari; kyngervi; stétt; fagmennska; sveitarfélag.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 10, Issue 1 (75–96)

© 2014 Contacts: Laufey Axelsdóttir, laa2@hi.is and Gyða Margrét Pétursdóttir, gydap@hi.is

Article first published online June 26th 2014 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 1. tbl., 10. árg. 2014 75–96) Fræðigreinar

© 2014 Tengiliðir: Laufey Axelsdóttir, laa2@hi.is og Gyða Margrét Pétursdóttir, gydap@hi.is

Vefbirting 26. Júní 2014 – Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2014.10.1.5>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

## The status of preschool teachers in two municipalities following the economic collapse

### Abstract

This feminist study examines the working conditions of preschool teachers, a female dominated occupation, in two municipalities in Iceland and asks, in light of government policy, if and then how the municipalities facilitate preschool teachers professionalism following the 2008 bank collapse. Weber's (2001) theoretical framework is applied to explore the professional status of the preschools and the impact of local government on preschool teachers' position. Qualitative methods were used and data was gathered in 2011 and 2012. Thirteen interviews were conducted with women and men in two preschools and the schools administrative environment. Preschool teachers employed in management and non-management positions as well as assistants were interviewed. The study's results show that financial cutbacks in local government affect preschool teachers and assistants and thus the position of women in the labour market by preserving their subordination. Furthermore, preschool children seem to be affected by the cutbacks which possibly have negative consequences on their well-being. Reforms and developments of the preschool teachers education seem to be met with considerable opposition from local government and more emphasis is placed on operational costs rather than strengthening the preschool teachers in their role as professionals. The results thus point to a gap between government policy and the municipalities' local version of that same policy.

**Keywords:** Preschool teacher; gender; class; professionalism; municipality.

### Inngangur

Árið 2012 voru konur tæplega 94% starfsfólks í leikskólum (Hagstofa Íslands, 2013c) og tæplega 98% nema í leikskólakennarafræðum (Hagstofa Íslands, 2013b). Störf í leikskólum hafa frá upphafi verið hefðbundin kvennastörf en vinnustaður telst vera kvenna- eða karlavinnustaður ef tveir þriðju hlutar starfsfólks er af sama kyni (Forsætisráðuneytið, 2004, bls. 29). Starf leikskólakennara hefur aldrei haft sterka stöðu á vinnumarkaðnum. Það er láglounastarf og að mati Þórdísar Þórðardóttur (2005, bls. 67) hefur það notið lítillar virðingar í samfélaginu.

Starfsemi leikskóla snertir flestar barnafjölskyldur á Íslandi þar sem nær öll börn fara í leikskóla. Árið 2012 voru um 96% barna á aldrinum tveggja til fimm ára og 32% eins árs barna í leikskóla (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2013b, bls. 13). Alls voru 19.615 börn í leikskólum árið 2012 og rúmlega 85% þeirra í þeim 224 leikskólum sem voru reknir af sveitarfélögum (Hagstofa Íslands, 2013a). Þar störfuðu 3.898 einstaklingar sem sinntu uppeldi og menntun barna (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2013b, bls. 25). Í lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008 er kveðið á um ráðningar starfsfólks í leikskólum. Þar

kemur fram að tveir þriðju hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Einnig kemur fram að þeir sem leyfi hafa til að nota starfsheitið leikskólakennari eru einungis þeir sem lokið hafa meistaraþrófi. Þetta er þó ekki raunin því leikskólakennarar eru einungis um 38% leikskólastarfsfólks hjá leikskólum sem reknir eru af sveitarfélögum (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2013b, bls. 25). Til að tryggja rekstur leikskólanna, þrátt fyrir þennan annmarka, veitir 2. mgr. 6. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 rekstraraðilum leikskóla heimild til að ráða starfsfólk án leikskólakennaramenntunar til að taka þátt í að annast uppeldi og menntun barna ef það fæst ekki leikskólakennari til starfa. Í lögnum er ekki getið nánar um hæfni starfsfólks, aldur eða menntun og ekkert ákvæði er í lögum um leikskóla né lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þar sem þess er krafist af rekstraraðilum leikskóla að vinna markvisst að því að fjölga leikskólakennurum.

Unnið hefur verið að því að bæta stöðu leikskólakennarastarfsins með því að auka menntunarmöguleika og kröfur um menntun. Háskólinn á Akureyri stofnaði leikskólakennarabraut árið 1996 og Fósturskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinuðust árið 1998. Leikskólakennaranámið varð þá þriggja ára háskólanám til B.Ed.-gráðu (Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir, 2010, bls. 15). Árið 2008 lengdist svo leikskólakennaranám úr þremur háskólaárum í fimm og leikskólakennarar fengu lögverndun á starfsheitið (Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008). Þetta ár var bæði þýðingarmikið fyrir leikskólakennarastarfið og samfélagið í heild því miklar breytingar áttu sér stað í kjölfar hruns íslensku bankanna. Áhrifin má greina í leikskólaumhverfinu líkt og kemur fram í umfjöllun Hjördísar Sigursteinsdóttur, Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur og Þorgerðar Einarsdóttur (2011) sem skoðuðu starfsöryggi og líðan leik- og grunnskólakennara hér á landi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Niðurstöður þeirra benda til þess að starfsöryggi hafi minnkað og líðan versnað hjá mörgum þessara kennara eftir bankahrunið 2008 (bls. 15). Leikskólakennurum fannst vera vegið að faglegu starfi leikskólanna og að starf þeirra væri ekki metið að verðleikum (bls. 10). Einnig hafði álag í starfi aukist sem og þreyta vegna langvarandi undirmönnunar (bls. 14).

Allnokkrar rannsóknir hafa verið gerðar sem lúta að umgjörð leikskólakennarastarfsins. Arna H. Jónsdóttir (2005) hefur beint sjónum að fagþróun leikskólakennara og veitt mikilvægt innlegg í stöðu og hlutverk leikskólakennara á Íslandi. Samkvæmt niðurstöðum hennar má finna neikvætt viðhorf til sérfræðiþekkingar leikskólakennara innan leikskólanna (bls. 145). Að auki skoðaði hún kvenlægar stjórnunaraðferðir og samskipti leikskólakennara og leiðbeinenda. Niðurstöðurnar gefa til kynna að innan leikskólans hafi átt sér stað átök milli ólíkra menningarlegra sjónarmiða og stjórnunaraðferða. Þar er annars vegar um að ræða viðhorf, gildi og viðmið eldri menningar sem tengist umhyggju og tengslum og hins vegar yngra hefðbundið stígveldi ásamt karllægri skrifræðisstjórnun. Arna veltir fyrir sér hvort ekki sé þörf á því að þróa forystustjórnun sem tekur mið af báðum aðferðunum (Arna H. Jónsdóttir, 2009). Enn fremur skoðaði Arna H. Jónsdóttir (2012) hvernig leikskólakennarar og aðrir hagsmunaaðilar skilja fagleg hlut-

verk og forystu og hvaða þættir hafa áhrif á hlutverk og forystu leikskólakennara (bls. 2). Niðurstöður hennar leiða í ljós að átök eru á milli menntunarlegs hlutverks og þjónustuhlutverks leikskóla. Leikskólakennarar leggja aðallega áherslu á menntunarlegt hlutverk sitt og leikskólans en stjórnámamenn leggja mikla áherslu á þjónustu leikskóla við foreldra (bls. 108). Fram kemur að leikskólakennurum og sérstaklega leikskólastjórnum finnst að kunnátta þeirra og sérþekking sé hvorki metin af starfsfólki leikskólaskrifstofu né stjórnámamönnum (bls. 107). Þá fjallaði Jóhanna Einarsdóttir (2012) um þróun leikskólakennaramenntunar og skoðaði lengingu námsins í fimm ára háskólanám (bls. 1). Að hennar mati hafa Íslendingar verið í forystu á Norðurlöndum varðandi skipulag og tilhögun leikskólamála. Hún telur öra þróun leikskólakennaramenntunar hafa verið töluverða ögrun fyrir þá sem að menntuninni standa og bendir meðal annars á fækkun leikskólakennaranema í því sambandi (bls. 7). Að lokum ber að nefna umfjöllun Kristínar Dýrfjörð (2011) um áhrif nýfrjálshyggju á íslenskt skólastarf. Margir halda því fram að nýfrjálshyggjan sé birtingarmynd markaðsvæðingar samfélagsins (bls. 47 og 48) en að hennar mati helst nýfrjálshyggjan í hendur við einstaklingsvæðingu skólakerfisins og samfélagsins í heild. Hún sé í raun andlýðræðisleg þar sem hún vinnur gegn hugmyndum um samkennd, samstarf og samábyrgð samfélagsins og að umræðan snúist í auknum mæli um hagnað og halla. Ákveðin hugarfarsbreyting varð um hlutverk leikskólans í samfélaginu 1991 þegar lög um leikskóla voru sett og sátt varð um leikskólann sem nauðsynlega menntastofnun fyrir öll börn. Gömul viðhorf eru þó enn til staðar, fólki finnst sjálfsgagt að leikskólinn sé ekki að mestu gjaldfrjáls eins og önnur skólastig og umræða um sameiningu leik- og grunnskóla hefur verið fyrirferðarmikil (bls. 63-64).

Markmiðið með þessari grein er að skoða áhrif tveggja sveitarfélaga á stöðu og þróun leikskólakennarastarfsins. Ætlunin er að varpa ljósi á það hvort og þá hvernig unnið sé að því innan sveitarfélaganna að efla leikskólakennarastéttina. Staðan er skoðuð með tilliti til efnahagslegs samdráttar í kjölfar bankahrunsins 2008. Umfjöllunin byggir á rannsókn<sup>1</sup> sem unnin var á árunum 2011 til 2013. Niðurstöðunum er ætlað að veita aukinn skilning á leikskólakennarastarfinu, stöðu kvenna á vinnumarkaðnum og um leið stöðu barna í leikskólum. Þar sem hlutverk leikskólakennara er að sinna uppeldi og menntun barna þá hefur leikskólakennarastarfið óumflýjanlega áhrif á stöðu barna. Með því að skoða hvernig kyngervi og stétt tvinnast saman er ætlunin að veita nýja sýn á áhrifum stjórnáslunnar á stöðu og þróun leikskólakennarastarfsins. Leitað er svara við eftirfarandi spurningum: Hvort og þá hvernig stuðla sveitarfélögin að eflingu leikskólakennarastarfsins og hvaða áhrif hefur efnahagslegur samdráttur haft á áherslur sveitarfélaganna?

Byrjað verður á fræðilegri umfjöllun. Þá verður fjallað um aðferðafræðina að baki rannsókninni. Því næst verður greint frá niðurstöðunum og að lokum er rannsóknarspurningunum svarað í stuttri samantekt og umræðu.

## 1. Samtvinnun mismunarbreyta

Með samtvinnun mismunarbreyta (*intersectionality*) er gengið út frá því að einstaklingar séu staðsettir á nokkrum ásum félagslegrar stöðu og lögð er áhersla á að skoða samspil þeirra þátta sem móta líf fólks (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 2007, bls. 405). Misjafnt

er eftir því hvaða nálgunum samtvinnunar er beitt hve margir þættir eru skoðaðir. Sumir nota samtvinnun bæði til að skoða stöðu undirokaðra hópa og þeirra sem njóta forréttinda en þannig nýtist samtvinnun sem greiningartæki í stærra samhengi (Yuval-Davis, 2006, bls. 201). Þá er hægt að beita samtvinnun bæði þegar verið er að skoða einstaklinginn í nærsamfélaginu og til að greina helstu strauma samfélagsins í víðara samhengi (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 2007, bls. 404).

Yuval-Davis (2006) bendir á að oft þegar fólk er staðsett á ákveðnum stað á einum ás sé tilhneiging til að það safnist á ákveðinn stað á öðrum ás. Þannig séu til dæmis fleiri konur en karlar fátækar í vestrænum samfélögum (bls. 200) og þar með tvinnast saman kyngervi og stétt. Að mati Weber (2001) er kynþáttur, stéttarstaða, kyngervi og kynhneigð grunnþættir í félagslegum stofnunum eins og pólitík, efnahag, ríkinu, fjölskyldunni og menntakerfinu. Þeir eru einnig grunnþættir í sjálfsvitund einstaklinga, það er hvernig þeir skilgreina sig (bls. 64) (*Nánar er fjallað um Weber í kafla 2.1*). Við teljum samtvinnun gagnlega til að skoða hvernig kyngervi og stéttarstaða tvinnast saman og hafa áhrif á stöðu og þróun hefðbundins kvennastarfs á vinnumarkaðnum.

West og Zimmerman (1987) benda á að kyngervi sé félagslega mótað í daglegum athöfnum og samskiptum fólks (bls. 126). Þau skoða kyngervi sem kerfisbundna og endurtekna kunnáttu (bls. 137) og telja að kynjamunur verði til í félagslegu samhengi (bls. 147) en hann sé hvorki náttúrulegur, eðlislægur né líffræðilegur (bls. 137). Munurinn sé aftur á móti notaður til að styrkja hugmyndina um eðlislægni kyngervis (bls. 137).

Í greininni er lögð áhersla á að skoða samband stéttar og kyngervis. Hugtökin eru mikilvæg til að skoða stöðu leikskólakennarastarfsins sem virðist njóta lítillar virðingar í samfélaginu þrátt fyrir hátt menntunarstig. Walby (1990) bendir á að stétt sé meginhugtakið innan félagsfræðinnar til að skoða félagslegan ójöfnuð (bls. 7). Skilgreiningar á stétt feli venjulega í sér hugmyndir um klofning sem byggja á ólíkri efnahagslegri stöðu. Dæmi um greiningu sem leggur áherslu á efnahagslegan mun er Marxísk greining. Greining sem byggir á hugmyndum Weber bætir aftur á móti menntun og annarri hæfni við (bls. 11).

Í því sambandi skipta hugmyndir um fagmennsku máli en hugtakið fagmennska er gildishlaðið og vísar á vald og er því tengt stéttarbreytunni. Hugtakið gerir ráð fyrir samspili þekkingar/fræða og hvernig þekkingin þarf að staðfestast í starfi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 1996) og má því segja að hugtakið tengist hugmyndum um starfsþróun. Starfsþróun felst í því að auka þekkingu, skilning og færni kennara þegar þeir hafa lokið grunnnámi og hefja störf (Rósa Eggertsdóttir, 2002, bls. 1) og er ferli sem stendur starfsævina á enda (Rúnar Sigþórsson, 2004). Mikilvægt er að stuðla að markvissri faglegri starfsþróun kennara og starfstengdri símenntun þótt öflug grunnmenntun skipti miklu máli. Kennarar þurfa að hafa faglegar forsendur til að takast á við breytingaferli og leiða umbætur því annars skipta breytingar á skipan menntamála, umbætur í námsefni og aukin fjárútlát til skólamála litlu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010, bls. 7). Skoða þarf fagmennsku með tilliti til stöðu kvenna á vinnumarkaðinum en Osgood (2012) bendir á að kyngervi, stéttarstaða og kynþáttur séu þættir sem þurfi að skoða í tengslum við fagmennsku (bls. 1). Atvinnugreinar sem teljast kvenlegar eins og til dæmis leikskólakennsla var áður sinnt heima fyrir af konum og hefur gjarnan verið tengd heim-

ilishaldi á meðan hugmyndir um fagmennsku tengjast starfi sem er unnið utan heimilisins (Butler, Chillas og Muhr, 2012, bls. 262). Það að umönnun sé talin náttúrulegt hlutverk kvenna hefur verið hindrun fyrir kvenkyns kennara til að vera viðurkenndir sem fagfólk (Munro 1998 í Kim, 2013, bls. 309). Þessi tenging við umhyggju leiðir til þess að litið er á menntun yngstu barna frekar sem gæslu en kennslu þrátt fyrir að þeir sem kenna börnunum álíti starfið faglegt (Kim, 2013, bls. 309). Butler o.fl. (2012) benda á mikilvægi þess að rannsaka atvinnuhópa sem eru staðsettir á jaðrinum, það er hópa sem hafa þurft að berjast fyrir því að fá starf sitt viðurkennt sem fagstarf. Með því að rannsaka jaðarsetta atvinnuhópa má veita innsýn í málefni sem tengjast til að mynda starfsþróun (bls. 260). Dæmi um slíkan hóp er leikskólakennarastarfið á Íslandi.

## 2. Aðferðafræði, aðferðir og gögn

Þar sem markmið rannsóknarinnar var að skoða stöðu leikskólakennarastarfsins, sem jafnframt er hefðbundið kvennastarf, var ákveðið að styðjast við sjónarmiðsfémínisma (*Standpoint feminism*). Sjónarmiðsfémínismi er gagnrýnin aðferðafræðileg nálgun sem skoðar stöðu kvenna og annarra undirokaðra hópa í samhengi við félagslega þætti sem kunna að móta sjónarhorn þeirra eins og til dæmis stéttarstöðu (Anderson, 2012). Nálgunin er gagnleg þar sem undirskipun leikskólakennara virðist tengjast bæði kyngervi þeirra og stéttarstöðu. Sjónarmiðsfémínismi spyr spurninga út frá lífi kvenna en álitur að svörin sé að finna annars staðar (Harding, 1996, bls. 243) eins og í samfélagsgerðinni og menningunni. Útgangspunktur sjónarmiðsfémínisma er að í samfélagi sem er lagskipt eftir til dæmis kyngervi, kynhneigð, þjóðerni og stéttarstöðu þá hafa athafnir þeirra valdamestu áhrif á aðra í samfélaginu. Þar eiga sér stað ákveðin samskipti og ákvarðanir eru teknar sem raungerast neðar í stigveldinu (Harding, 1996, bls. 240). Ef þetta er skoðað með tilliti til leikskólakennara er staða þeirra að miklu leyti háð ákvörðunum sem teknar eru í stjórnsýslu sveitarfélaganna. Þar af leiðandi var lögð áhersla á að skoða og meta áhrif stjórnsýslu sveitarfélaga á stöðu leikskólakennarastarfsins ásamt því að kanna upplifun og reynslu bæði leikskólakennara og leiðbeinenda af stjórnsýslu sveitarfélaganna. Ástæðan fyrir því að leitað er eftir viðhorfi leiðbeinenda er að þeir eru mun stærri hópur en leikskólakennarar innan leikskólanna og hafa þar af leiðandi mikil áhrif á stöðu leikskólanna og um leið leikskólakennarastarfsins. Til dæmis er það yfirleitt hlutverk leikskólakennara að skipuleggja og undirbúa starfið innan leikskólanna en bæði leikskólakennarar og leiðbeinendur sjá um að framkvæma það sem er skipulagt. Þá skiptir máli hvort leiðbeinendur hafi skilning og þekkingu til að framkvæma það sem er ætlast til af þeim. Þar af leiðandi hlýtur að vera mikilvægt að þeir fái stuðning og fræðslu frá rekstraradilum og séu hvattir áfram með það að markmiði að efla þá innan leikskólanna. Því öflugra starfsfólk sem leiðbeinendur eru því betri ætti staða leikskólakennara að vera. Einnig skiptir máli að starfsumhverfi leikskólanna sé þess eðlis að það hvetji leiðbeinendur til að sækja sér leikskólakennaramenntun og þá skiptir máli að sveitarfélögin leggi áhersla á að efla stöðu leikskólakennara. Þar af leiðandi teljum við mikilvægt að skoða viðhorf og væntingar leiðbeinenda til rekstraradilans og leikskólakennara þegar meta á stöðu leikskólakennarastarfsins.

Rannsóknaraðferðin var eigindleg. Markmið slíkrar aðferðar er að skilja bæði samhengi félagslegs ferlis og einstaklingsbundna reynslu þátttakenda og rannsakanda (Esterberg, 2002, bls. 2.). Gagnasöfnun í formi hálfstaðlaðra einstaklingsviðtala hófst í september 2011 og stóð fram í apríl 2012 þar sem þátttakendur notuðu eigin orð til að lýsa upplifun sinni. Þannig var hægt að fá mynd af reynslu þeirra og viðhorfum.

Leitast var eftir þátttöku starfsfólks í tveimur leikskólum í tveimur sveitarfélögum þar sem leikskólarnir höfðu verið sameinaðir öðrum leikskóla. Í báðum sveitarfélögum eru starfandi leikskólafulltrúar sem hafa það verkefni að vera tengiliðir inn í leikskólana og vinna að því að efla stöðu þeirra. Þá voru um 150 börn og 40 starfsfólk í báðum leikskólunum. Þegar viðtölin voru tekin voru 33% starfsfólks annars leikskólans með leikskólakennaramenntun og 67% þeirra voru leiðbeinendur. Í hinum leikskólanum voru 43% starfsfólks með leikskólakennaramenntun, 7% með aðra uppeldismenntun og leiðbeinendur voru 50% starfsfólks. Í hvorum leikskóla voru tekin fimm viðtöl, þar af við fjórar konur og einn karlmann. Tekin voru viðtöl við aðstoðarleikskólastjóra, leikskólastjóra, tvo leikskólakennara með deildarstjórn, tvo leikskólakennara sem voru ekki í stjórnunarstöðu og fjóra leiðbeinendur. Starfsreynsla þeirra var frá innan við tveimur árum til 30 ára. Leikskólastjórar beggja leikskólanna urðu hliðverðir rannsakanda til að nálgast viljuga þátttakendur en hliðverðir eru lykilþátttakendur því þeir auðveldu rannsakendum aðgang að hópi eða aðstæðum (O'Reilly, 2005, bls. 91).

Einnig var leitað til reynslu þeirra sem starfa í ytra starfsumhverfi leikskóla af áhrifum stjórnsýsluáðgerða og opinberrar stefnumótunar á leikskólakennarastarfið. Óskað var eftir þátttöku þriggja leikskólakennara (sem ekki eru kyngreindir sökum smæðar hópsins) á þessum vettvangi. Þeir vinna fyrir leikskólakennarastéttina að margvíslegum málefnum á hinum breiða vettvangi sveitarfélaga og hagsmunafélaga og koma til dæmis að gerð kjarasamninga og símenntunar. Markmiðið með þátttöku þeirra var að skoða og skilja betur starfsumhverfi leikskólanna.

Heildartíminn sem fór í viðtölin var um það bil 12 klukkustundir og voru þau hljóðrituð með stafrænu upptökutæki og síðan afrituð með samþykki viðmælenda. Til að tryggja nafnleynd var farið sú leið í greiningunni að fjalla um alla viðmælendur sem starfa í leikskólunum tveimur saman og aðgreina þá ekki eftir leikskólum. Einungis er vísað í kyngervi og stöðuheiti eða stöðuheiti viðmælenda. Hvað varðar umfjöllun um viðmælendur sem starfa utan leikskólanna þá er fjallað um þá sem leikskólakennara í ytra starfsumhverfi leikskólanna.

Við greiningu gagnanna er stuðst við nálgun grundaðrar kenningar (*grounded theory approach*) og gagnrýna orðræðugreiningu (*critical discourse analysis*). Einnig voru ýmis skjöl skoðuð, svo sem lög, aðalnámskrá leikskóla, skrifleg opinber gögn eins og skýrslur sveitarfélaga sem lúta að leikskólamálum og skrif opinberra aðila. Þessi skjöl eru notuð til að varpa frekari ljósi á þá umræðu sem kom fram í viðtölunum sem og kynjuð valdatengsl í samfélaginu í ljósi gagnrýnnar orðræðugreiningar og greiningarramma Weber. Ákveðið var að styðjast við aðferðir grundaðrar kenningar til að koma skipulagi á gögnin og flokka þau í þemu. Nálgun grundaðrar kenningar felst í að minnsta kosti tveimur þáttum, það er opinni kóðun og markvissri kóðun (Charmaz, 2006, bls. 46). Opin kóðun

fer fram samhliða gagnaöflun (bls. 5). Þá eru brot úr gögnum, orð, línur, hlutar og atvik vandlega skoðuð með tilliti til þess hvort nota eigi þau í greiningunni og til að flokka þau í þemu. Rannsakandi þarf að staldra við og spyrja gögnin greinandi spurninga sem auðveldar honum að skilja þau og leiðbeinir honum áfram í gagnaöfluninni (Charmaz, 2006, bls. 42). Þannig er hægt að sjá hvort það þurfi að breyta eða bæta viðtalsrannmann fyrir næsta viðtal. Í markvissri kóðun eru gögnin lesin með ákveðin þemu í huga og þau afmörkuð enn frekar (bls. 46). Stuðst var við gagnrýna orðræðugreiningu til að skoða gögnin frekar. Charmaz (2006) bendir á að hægt sé að beita öðrum eigindlegum hefðum með nálgun grundaðrar kenningar (bls. 9).

Gagnrýnin orðræðugreining nær sérstaklega til orðræðu sem snýr að stofnunum, pólitík, kyngervi og fjölmiðlum (Wodak og Meyer, 2001, bls. 2) en þar sem skoðuð var orðræða innan stofnana, um karla og konur og sem tengist kynjapólitísku umhverfi var kjörið að styðjast við þær hugmyndir. Margar leiðir eru í gagnrýninni orðræðugreiningu en það sem þær eiga sameiginlegt er að flestar spyrja spurninga um hvernig ákveðin orðræða þróast í endursköpun félagslegra yfirráða. Dæmigerður orðaforði inniheldur til dæmis hugmyndir um völd, yfirråd, forræði, stéttarstöðu, kyngervi, mismunun, stofnanir, félagsgerð og þjóðskipulag (Dijk, 2001, bls. 353-354). Dijk (2001) setur upp kenningarlegan ramma til að greina orðræðu og völd ásamt því að skoða hvernig völd og yfirråd eru endursköpuð í texta og tali (bls. 363). Við teljum að þessi nálgun sé gagnleg til að skoða og greina gögnin þar sem rannsóknin miðar að því að skoða stöðu undirokaðs hóps á vinnumarkaðnum. Dijk (2001) bendir á að fólk sé að jafnaði aðgerðalaust þegar kemur að texta og tali yfirmanna og yfirvalda sem segja þeim jafnvel hverju á að trúa eða hvað á að gera. Aftur á móti hafa þeir sem tilheyra valdameiri félagslegum hópum og þá sérstaklega leiðtogar þeirra meiri aðgang og stjórn yfir einni eða fleiri almennri orðræðu. Til dæmis ráða stjórnmalamenn yfir stefnumálum og annarri stjórnmaláorðræðu og blaðamenn yfir fjölmiðlaorðræðu (bls. 356). Valdameiri hópar geta ákveðið hvað á heima í texta og hvað er sagt sem getur haft mikil áhrif á líf og aðstæður annarra hópa (bls. 357). Nálgun Dijks er heppileg til að varpa ljósi á stöðu leikskólakennara gagnvart stjórnslunni sem yfirvaldi.

## 2.1 Greiningarramma - Weber

Ákveðið var að nota greiningarramma Weber til að styðja við hina gagnrýnu orðræðugreiningu. Weber (2001) skapaði hugtakaramma til að skilja samspil kyngervis, stéttar, kynþáttar og kynheigðar í kerfislægri undirskipun (bls. 59). Fimm þættir einkenna samspil þeirra og hægt er að nota þá sem greiningarramma. Þetta eru þættir sem lúta að (1) sögulegu og landfræðilegu samhengi, (2) félagslega mótuðum (3) valdasamböndum sem eiga sér stað (4) í félagslegum stofnunum (*macro*) og í samskiptum einstaklinga (*micro*) og eru (5) tjáð samtímis (Weber, 2001, bls. 70).

Hvað varðar sögulegt og landfræðilegt samhengi þá telur Weber (2001) mikilvægt að skoða kyngervi og stétt í sögulegu samhengi þar sem þessir þættir breytast til dæmis vegna efnahagslegrar stöðu samfélaga, stefnumótunar, sögulegra tímabila, landa og

svæða (bls. 73). Hún bendir á að félagslegt stéttakerfi sé sögulega afmarkað (bls. 76). Það breytist yfir tíma þar sem nýjar stéttir verða til og þær sem fyrir eru auka eða missa völd sín í baráttunni við aðrar stéttir. Stéttakerfið mótast meðal annars af kyngervi þar sem konur og karlar fá mismunandi tækifæri til að bæta stéttarstöðu sína, njóta ávinningsbættar stöðu, halda stöðu sinni og leyfa börnum sínum að njóta þessara yfirburða (bls. 77).

Þessi sögulega þróun vísar til þess hvernig félagsleg mótun skiptir máli. Merking kyngervis og stéttar þróast í baráttu hópa yfir félagslegum auðlindum sem eru ólíkar eftir tíma og stað. Styrkur og mótspyrna undirokaðra hópa hefur jafnframt áhrif á getu ráðandi hópa til að viðhalda stöðu sinni (bls. 80). Þá eru kyngervi og stétt félagsleg smíði sem eru stöðugt að breytast með tilliti til félagslegra stofnana og persónulegrar sjálfsmyndar (Weber, 2001, bls. 80).

Félagslega mótuð kerfi undirskipunar eru valdasambönd þar sem einn hópur stjórnar öðrum og tryggir þannig yfirráð sín í kerfinu. Í þessari valdabaráttu eru efnisleg gæði í húfi eins og til dæmis auðæfi, tekjur og menntun. Kyngervi og stétt eru þannig grunnþættir þegar kemur að félagslegum ágreiningi milli hópa (Weber, 2001, bls. 87-88). Til að skilja samband forréttinga og undirskipunar er mikilvægt að spyrja hver hagnast, í því samhengi sem við erum að skoða. Ráðandi hópar hafa frekar aðgang að efnahagslegum, pólitískum og hugmyndafræðilegum auðlindum og nota þær til að stjórna undirskipuðum hópum og til að viðhalda völdum sínum (Weber, 2001, bls. 92). Stjórnmalamenn hafa áhrif þegar þeir styðja stefnumál sem hafa jafnvel neikvæðar afleiðingar fyrir stöðu undirskipaða hópa (Weber, 2001, bls. 90). Í ljósi þess að konur frekar en karlar hafa verið í láglaunastörfum á vinnumarkaðnum er hægt að skoða hvort stefnt sé að því að bæta aðstæður þeirra og hvaða áhrif stefnumálin hafa fyrir þær. Til dæmis hvaða áhrif niðurskurður hefur á hefðbundið kvennastarf eins og leikskólakennarastarfið. Þannig hafa félagslegar stofnanir áhrif á stöðu kvenna en jafnframt sýnir þetta hvernig kyngervi og stétt tvinnast saman (Weber, 2001, bls. 101).

Hvað varðar félagslegar stofnanir og samskipti einstaklinga þá telur Weber (2001) að til þess að skilja kyngervi og stétt þurfum við að skoða bæði félagslegar stofnanir og daglegt líf einstaklinga í ólíkum aðstæðum. Við þurfum einnig að skoða tenginguna á milli þess hvernig félagslegar stofnanir hafa áhrif á daglegt líf einstaklinga og hvernig daglegt líf einstaklinga styrkir og/eða ögrar stofnunum samfélagsins (bls. 94). Til dæmis gegna fjölmiðlar og menntastofnanir því hlutverki að halda hugmyndum að fólki og viðhalda þannig undirskipun ákveðinna hópa í samfélaginu og yfirráðum annarra. Haldið er fram útskýringum á ójöfnuði sem réttlæta ríkjandi stöðu og um leið er dregið úr fólki að ögra henni. Ein slík hugmynd er að þeir sem njóta forréttinga séu hæfileikameiri og vinnusamari en aðrir og eigi þar af leiðandi rétt á meiri samfélagslegum gæðum (bls. 95).

Eins og sjá má þá nýtist kenningarlegur viðmiðunarrámmi Weber (2001) til að skoða stigveldi sem viðhelst á ólíkum tímum og stöðum og hefur alvarlegar afleiðingar fyrir félagslegt líf og stöðu einstaklinga í samfélaginu (bls. 105). Viðmiðunarrámminn er því heppilegt tæki til að greina leikskólakennarastarfið í kynjafræðilegu ljósi.

### 3. Niðurstöður

#### 3.1 Stuðningur við faglegt starf

Til að fá mynd af upplifun viðmælenda af stuðningi sveitarfélaga við faglegt starf innan leikskólanna voru þeir spurðir um faglegan stuðning frá sveitarfélögum í víðu samhengi. Leitað var eftir því hvort sveitarfélögin væru að stuðla að símenntun og starfsþróun, það er hvort verið væri að hvetja ófaglærða áfram í leikskólakennaranám eða leikskóla- liðanám eða leikskólakennara áfram í framhaldsnám og hvort starfsfólk færi á námskeið á vegum sveitarfélaganna eða annarra aðila. Almenn kom fram hjá bæði leikskólakennurum og leiðbeinendum að stuðningur frá sveitarfélögunum væri fyrst og fremst í formi stuttra námskeiða. Þá kom fram umræða um stuðning sveitarfélaganna við deildarstjóra. Umræðan snérist annars vegar um sérstakan stuðning við þá og hins vegar um skort á stuðningi vegna breytinga í starfi. Varðandi stuðning við þá sagði leikskólastjórnandi:

Það hafa verið fundir fyrir deildarstjóra eða svona hálfgerð námskeið fyrir deildarstjóra til að hittast. Einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót, það er gott. Þá eru það bara deildarstjórar sem hittast og það er verið að ræða kannski ákveðin málefni.

Deildarstjórar fá því einhvern stuðning frá sveitarfélaginu en hann mætti vera meiri miðað við það sem kom fram í umræðu leikskólakennara. Til dæmis vildi einn deildarstjórinn fá handleiðslu: „Ég myndi vilja fá svoleiðis fyrir deildarstjóra sko. Það er ekki svoleiðis. Það er bara fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.“ Arna H. Jónsdóttir (2001) hefur lagt áherslu á það við nemendur í leikskólakennaranámi að þeir fari fram á handleiðslu á fyrsta starfsári sínu og þá sérstaklega ef þeir fara beint í deildarstjórastarf (bls. 53). Mikilvægt er að skoða þessa umræðu um faglegan stuðning með tilliti til þess að leikskólakennarar eru í minnihluta í leikskólunum og hvaða áhrif það hefur á stöðu þeirra. Í öðrum leikskólanum þar sem rannsóknin var framkvæmd var til dæmis allt starfsfólk titlað kennarar í samskiptum við börnin og lögð áhersla á að jafna stöðu leikskólakennara og leiðbeinenda. Arna H. Jónsdóttir (2005) bendir á hvernig þátttakendur í rannsókn hennar voru sammála um að það gæti verið erfitt að vera eini fagmaðurinn á deildinni. Tilhneiging væri til að draga úr fagmennsku þar sem allir ættu að vera jafnir í leikskólanum (bls. 142). Í ljósi þessa mætti ætla að það væri mikilvægt að deildarstjórar fái stuðning sem fagmanneskjur og stjórnendur.

#### 3.2 Efnahagslegur samdráttur í leikskólum

Í skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga (2011) kemur fram að algengustu hagræðingaraðgerðir sveitarfélaganna í kjölfar bankahrunsins 2008 tengdust fræðslumálum (bls. 19) og þær lenda töluvert á leikskólum sveitarfélaganna (bls. 15). Hér verða tíundaðar helstu afleiðingar þessara aðgerða, sem eru skortur á afleysingu, yfirvinnubann með tilheyrandi kynbundnum áhrifum, áhrif á börn og sameining leikskóla.

### 3.2.1 Skortur á afleysingu

Eins og kom fram hér á undan þá mætir leikskólastarfsfólk stuðningi fyrst og fremst í formi stuttra námskeiða. Starfsfólkið virðist þó eiga erfitt með að nýta sér þessi námskeið þar sem skortur er á afleysingarfólki. Einn leikskólakennari sagði: „Í dag er það þannig að þú ert svolítið að sækja þér námskeið og þú ert að yfirgefa deildina... það hafa verið að falla niður námskeið hjá sveitarfélaginu vegna þess að það er ónóg þátttaka.“ Þá kom fram hjá leikskólakennara að það mætti vera meira um námskeið og endurmenntun en þar sem það kæmi enginn til að leysa af á meðan á námskeiðunum stendur þá væri það alls ekki hvetjandi.

Einnig var skortur á afleysingarfólki til að koma í stað þeirra sem voru veikir eins og kom fram hjá leikskólakennara með deildarstjórn:

Það er svolítið mikið, það vantar fólk... mér finnst þetta vera stóra vandamálið, bara stóra vandamálið. Að það skuli ekki vera hægt að hringja eitthvað eða þú veist vera með fólk einhvers staðar sem þú getur hringt í þegar það vantar. Sem er þá kannski bara í einhverju... partavinnu eða lítil prósentu eða eitthvað. Sem þekkir leikskólann og veit hvað er um að vera og svona og hægt er að kalla í... þetta er endalaust. Það er ofboðslega þreytandi.

Skortur á afleysingu hefur einnig áhrif á undirbúningstíma leikskólakennara. Í viðtölunum kom fram að leikskólakennarar eru ósáttir við að þurfa að sleppa undirbúningi en gera það samt sem áður. Leikskólakennari í ytra starfsumhverfi leikskólanna benti á:

Afleysingaprósentan... hún er ekki skilgreind fyrir undirbúning til dæmis sér og veikindi sér. Þannig að það verður oft lítið um afleysingu á þessum stöðum. Þannig að þegar einn dettur út þá er mjög erfitt að fylla á mörgum stöðum. Þetta væri eitthvað sem þarf að skoða mjög gaumgæfilega... þetta er löglegt... þeir geta þetta alveg...

Þá sagði leikskólakennari með deildarstjórn um undirbúningstíma:

Þegar að við kannski viku eftir viku komumst ekki í undirbúning... ef maður er bara að gera það brýnasta, alveg það brýnasta í hverri viku og smátt og smátt... þá hefur maður minni tíma til þess að lesa sér til... í sambandi við starfið... manni finnst eiginlega svona maður vera svolítið að svíkjast um eða þannig.

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara kemur fram að nýta eigi undirbúningstíma meðal annars til starfsáætlanagerðar, fyrir foreldrasamstarf eins og viðtals tíma, atferlisathugana og kynnisferða (Félag leikskólakennara, 2011, bls. 12). Ef undirbúningstíminn er alltaf skorinn af er afar erfitt fyrir leikskólakennara að sinna þessum þáttum. Weber (2001) telur að til þess

að skilja kyngervi og stétt þurfum við að skoða bæði félagslegar stofnanir og daglegt líf einstaklinga í ólíkum aðstæðum. Skoða þurfi tenginguna á milli þess hvernig félagslegar stofnanir hafa áhrif á daglegt líf einstaklinga og hvernig daglegt líf einstaklinga styrkir og/eða ögrar stofnunum samfélagsins (bls. 94). Í þessu sambandi hefur efnahagslegur samdráttur í sveitarfélaginu áhrif á stöðu og sjálfsmynd hluta leikskólakennara sem upplifa að þeir séu ekki að standa sig sem skyldi þegar þeir komast ekki í undirbúning.

### 3.2.2 Yfirvinnubann

Það eru þó ekki bara námskeið sem starfsfólk getur ekki sótt og afleysing sem er vandamál í leikskólunum. Það er einnig búið að stytta þann tíma sem starfsfólk fær til að halda fundi innan leikskólanna eins og leiðbeinandi benti á:

Það er búið að taka alla yfirvinnu af hér. Við fáum ekki að hafa þessa fundi einu sinni í mánuði sem við höfðum... þrjá tíma. Það er búið að fella það út... Við eigum bara að vinna það á morgnana á hlaupum... einn klukkutíma kannski og þá tekur hin deildin við öllum börnunum okkar og bætast tuttugu og sex börn á næstu deild... fjóra starfsmenn, fimmtíu og tvö börn. Það er svolítið mikið en þetta er gert, okkur er boðið upp á þetta...

Þessi umræða um yfirvinnubann kom einnig fram hjá deildarstjóra: „Já. Það má ekki borga okkur yfirvinnu. Það má ekki borga okkur há laun... það má ekki kaupa neitt.“ Leikskólakennari í ytra starfsumhverfi leikskólanna tók undir þessa umræðu: „Já, já þannig það má segja að það sé búið að sauma ansi að leikskólum í [sveitarfélaginu] þú veist með bæði yfirvinnu og undirbúnings tíma.“ Í skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga (2011) kemur fram að algengustu sparnaðaraðgerðirnar innan leikskólanna voru að draga úr yfirvinnu og viðhaldi, fækka stöðugildum, almennt aðhald og aðhald í innkaupum ásamt samvinnu eða sameiningu stofnana (bls. 15). Athyglisvert er að skoða hvers eðlis þessi niðurskurður er. Ein leið til að lækka launakostnað er að draga úr yfirvinnu og fækka stöðugildum. Með því að fækka stöðugildum færist meiri ábyrgð á hvern og einn án þess að launin hækki. Það að draga úr viðhaldi, stuðla að almennu aðhaldi og aðhaldi í innkaupum skerðir starfsaðstöðu. Það má því segja að niðurskurður sveitarfélaga lendi töluvert á starfsfólki leikskólanna.

Til að fá innsýn um kynbundin áhrif á niðurskurðar sveitarfélaga var skoðuð úttekt á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg, stærsta sveitarfélagi landsins. Í úttektinni kemur fram að karlar voru að meðaltali með rúmlega helmingi fleiri fasta yfirvinnutíma en konur árið 2009 sem var umtalsvert meira en árið 2001 þegar karlar voru að meðaltali með um 27% fleiri fasta yfirvinnutíma en konur (Anna Borgþórsdóttir Olsen, Halldóra Gunnarsdóttir og Ragna B. Garðarsdóttir, 2010, bls. 12). Nýleg launakönnun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sýnir að enn fá karlar hærri yfirvinnugreiðslur en konur og oft aðrar greiðslur sem þær fá ekki (Velferðarráðuneytið, 2014, bls. 13).

Athyglisvert er að skoða umræðuna um yfirvinnuna með tilliti til Weber (2001) sem

talar um félagslega mótuð kerfi undirskipunar sem í eru valdasambönd þar sem einn hópur stjórnar öðrum og tryggir þannig yfirráð sín í kerfinu. Í þessari valdabaráttu eru efnisleg gæði í húfi eins og til dæmis tekjur (bls. 87) en kyngervi og stétt eru grunnþættir þegar kemur að félagslegum ágreiningi milli hópa (bls. 88). Weber (2001) bendir einnig á að það skipti máli að skoða kyngervi og stétt í sögulegu samhengi þar sem þessir þættir breytast til dæmis vegna efnahagslegrar stöðu samfélaga og stefnumótunar (bls. 73). Hagræðingaradgerðirnar hafa ekki bara áhrif á konur heldur einnig þróun hefðbundinnar kvennastéttar sem hefur aldrei haft sterka stöðu á vinnumarkaðnum eins og komið hefur fram. Þessi áhrif komu fram í viðtali við kvenkyns leiðbeinanda sem talaði um að niðurskurður innan leikskólanna drægi úr áhuga hennar á leikskólakennaranáminu og að hún sæi það ekki fyrir sér að eiga eftir að fara í námið: „*En þessi menntun það er ekki beint að vera að gera fólki auðvelt fyrir... það þarf alltaf að vera að berjast svo mikið fyrir sínu...*“ Efnahagsþrengingar í samfélaginu virðast þannig viðhalda undirokun þessarar kvennastéttar, að minnsta kosti innan þessara tveggja sveitarfélaga.

### 3.2.3 Áhrif niðurskurðar á stöðu barna

Þá skiptir einnig máli að skoða áhrif sparnaðar og hagræðingar í leikskólum á stöðu og tækifæri barnanna sem þar eru til fjölbreytts náms. Nokkrir viðmælendur bentu á hvernig niðurskurðurinn kemur niður á fjölbreytni í leikskólastarfinu. Einn leikskólakennari sagði að vegna skorts á afleysingu þá: „...*getum [við] kannski ekki farið í hópastarf, eða farið í göngufærð eða á íþróttasvæðið hérna. Ég meina þá sleppum við því...*“ Þá hafði einn leiðbeinandi talsverðar áhyggjur af líðan og öryggi barnanna vegna manneklu:

Við erum oft að ræða... líðan barnsins, þú ert að hunsa það. Ég vil meina það... ef að ég get ekki sinnt mínum barnahópi að þá hlýt ég að vera að hunsa hann eða tilfinning... barnsins er um að ég sé ekki að sinna því. Já bíddu ég þarf aðeins... hérna þú verður bara að bíða. Hann fær ekki að klára setninguna því að ég þarf að hlaupa... inn á klósett og hjálpa barni... og skil hópinn eftir einan inni. Þetta er svolítið svoléiðis.

Mikilvægt er að skoða þessa umræðu með tilliti til þess sem kemur fram í markmiðum laga um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt 2. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi þar sem búa á börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi sem og örugg náms- og leikskilyrði. Í Aðalnámskrá leikskóla segir að það eigi að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Enn fremur að leitast eigi eftir því að vera í gefandi samskiptum við börnin (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 31). Umræðan hér að ofan bendir þó til þess að það sé ekki alltaf hægt að framfylgja þessum þáttum vegna manneklu. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur einnig fram að stuðningur skipti máli hvað varðar sjálfsmynd barna. Mikilvægt sé að skapa heilsueflandi umhverfi fyrir börnin þar sem einn af helstu

þáttum heilbrigðis sé góð sjálfsmynd (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 15). Ef aðstæður eins og lýst er hér að framan eru algengar er ástæða til að hafa áhyggjur af möguleikum leikskólans til að veita börnum þá umönnun sem þau eiga rétt á samkvæmt markmiðum laga um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla.

### 3.2.4 Sameining leikskóla

Meðal sparnaðaraðgerða sumra sveitarfélaga var að sameina leikskóla. Áhugavert er að skoða áhrifin sem sameiningar hafa á stöðu kvenna á vinnumarkaðnum og möguleika leikskólakennara til að „hækka“ sig í starfi en í tengslum við þá umræðu benti leikskólakennari á:

Augljóslega þegar stjórnendum er fækkað þá jafnar það ekki kjör karla og kvenna vegna þess einfaldlega að það lækkar meðallaunin... Og þessi til dæmis sameining í sveitarfélaginu... þar með fækkar hún [sameiningin] leikskólastjórunum... hún fækkar líka aðstoðarleikskólastjórunum. Þá gefur hún minna færi fyrir þá sem að... langar til þess að... komast í stjórnunarstöðu. Og það auðvitað fælar líka frá. Sumum finnst það gaman.

Miðað við þetta hefur sameining leikskóla neikvæð áhrif á bæði meðallaun kvenna og tækifæri þeirra til að komast í stjórnunarstöður. Aðgerðin virðist því hvorki bæta stöðu kvenna né auka möguleika þeirra til starfsframa. Benda má á að eitt af markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu. Skiptar skoðanir virðast vera á sameiningu leikskóla. Mörgum viðmælendum finnst að það hafi verið vaðið yfir sig, þau upplifa sig utanveltu og valdalaus í þessum efnunum. Þau telja að skoðanir þeirra hafi verið hunsaðar og ákvarðanir teknar án samráðs við þau. Þá hafi álagið aukist til muna, ekki hafi tekist að vinna starfið eins og til stóð og afleiðingin verið sú að einhverjir hættu störfum. Sumir leikskólakennarar eru þó ánægðir:

En mér finnst svona þetta jákvæða sem kom út úr sameiningunni, það er mikið... af fólki eða þarna leikskólakennurum af hinum leikskólunum sem að maður hefur... sótt stuðning til... faghópurinn hefur stækkað og mér finnst það... mjög jákvætt.

Þannig virðist sameining hafa ákveðna kosti fyrir leikskólakennara á þann hátt að mögulega breiðkar faghópurinn í viðkomandi leikskóla en á sama tíma takmarkar hún möguleika kvenna að komast í stjórnunarstöður. Það skiptir máli að skoða kyngervi og stétt í sögulegu samhengi þar sem efnahagsleg staða samfélaga getur haft áhrif á þessa þætti (Weber, 2001, bls. 73). Weber (2001) bendir á að stéttakerfið mótist meðal annars af kyngervi þar sem konur og karlar fá mismunandi tækifæri til að bæta stéttarstöðu sína (bls. 77). Umræðan bendir til þess að efnahagslegur samdráttur hjá sveitarfélögum hafi áhrif

á stöðu og þróun þessarar hefðbundnu kvennastéttar þar sem dregið er úr möguleikum leikskólakennara til að komast í stjórnunarstöður og um leið hækka launin sín.

### 3.3 Skortur á stuðningi við lengingu leikskólakennaranámsins

Í umfjöllun viðmælenda kom fram að skortur væri á stuðningi sveitarfélaganna við að auka fjölda leikskólakennara innan leikskólanna og stuðningi við aukinni menntun leikskólakennara. Leikskólakennari í ytra starfsumhverfi leikskólanna sagði:

Ég hef að mörgu leyti fundið það að... þeim svona finnst erfitt að stíga þetta, þessi skref að [fá] fleiri kennara... Á Akureyri... það var komið í rosa hátt hlutfall og... fer að verða erfiðara fyrir, fyrir sveitarfélagið og þau fara að koma með hugmyndir að taka út deildarstjóra af því það var komið svo mikið af fagfólki... Þannig að maður finnur það að það verður... íþyngjandi fyrir sveitarfélögin meiri... fagmennska.

Hér er verið að vísa til skýrslu sem var unnin fyrir skólanefnd Akureyrar árið 2011 þar sem meðal annars var skoðað hvort með sameiginlegum leikskóla mætti ná fram faglegum ávinningi og hagræðingu í skólarekstri. Í ljósi þess að hlutfall fagmenntaðs deildarstarfsfólks í leikskólum var komið í 77,5% fólst ein tillagan í að gera fagfólkið á hverri deild samábyrgt fyrir starfinu. Hugmyndin var að leikskólakennarar gætu unnið í teymi inni á hverri deild og að samtúmis yrði hlutverk skólastjóra og aðstoðarskólustjóra sem faglegir forystumenn leikskólans styrkt (Birna María Svanbjörnsdóttir og Trausti Þorsteinsson, 2011, bls. 3 og 25). Athyglisvert er að skoða hugmyndina um að taka út deildarstjóra í leikskólum Akureyrar með tilliti til samvinnunar þar sem leiða má að því líkur að kyngervi og stéttarstaða tvinnist saman í hugmyndum skýrsluhöfunda, sem vel að merkja eru hvorugir leikskólakennarar. Weber (2001) telur að geta ráðandi hópa til að viðhalda stöðu sinni breytist meðal annars vegna mótspyrnu og styrks undirokaðra hópa (bls. 80). Leikskólakennarar spyrna á móti með því að færa menntunina á háskólastig, lengja námið og stuðla að fjölgun leikskólakennara innan einhverra sveitarfélaga. Hugmyndir um fækkun deildarstjóra gefa til kynna að fleira fagfólk innan leikskólanna sé einhverjum sveitarfélögum íþyngjandi og horft sé til þess að hækka ekki frekar hlutfall leikskólakennara. Hugmynd eins og þessi stuðlar því ekki að eflingu leikskólakennarastéttarinnar, þvert á móti viðheldur hún undirskipun leikskólakennara innan leikskólanna og takmarkar möguleika kvenna á því að komast í stjórnunarstöður. Tillögur um að fækka stjórnendum í leikskólum og staðsetja jafnframt allar konur á sama stjórnunarstigi viðheldur hugmyndum um að konum sé ætlað að vera undirskipaðar og ekki yfirskipaðar öðrum konum. Það tengist ennfremur þeirri hugmynd að það sé ekki alvöru starf að vera leikskólakennari heldur náttúrulegt hlutverk kvenna (Butler o.fl., 2012, bls. 262). Hugmyndirnar sem komu fram í skýrslunni sýna vel hvernig leikskólakennarar þurfa enn að berjast fyrir því að fá starf sitt viðurkennt sem fagstarf. Athyglisvert er að skoða umræðuna með tilliti til hugmynda Örnú H. Jónsdóttur (2009) sem velti því fyrir sér hvort ekki væri þörf á því að þróa forystustjórnun sem tekur annars vegar mið af viðhorfum,

gildum og viðmiðum eldri menningar umhyggju og tengsla og hins vegar yngra hefðbundnara stigveldi ásamt karllægri skrifræðisstjórnun. Vissulega má setja spurningarmerki við hina karllægu skrifræðisstjórnun en ef hrófla á við stjórnunarpýramídanum þá er mikilvægt að gera það í samstarfi við stétt leikskólakennara með það að markmiði að bæta launakjör þeirra og stöðu að öðru leyti.

Þessi umræða um fjárhagslega erfiðleika sveitarfélaga til að ráða við aukið menntunarstig leikskólakennara kom einnig fram hjá kvenkyns deildarstjóra sem velti því fyrir sér hvort meistaranámið verði til að hindra sveitarfélögin í að ráða leikskólakennaramenntað fólk inn í leikskólana. Þegar spurt var hvort hún hefði einhverja reynslu af því að sveitarfélögin vilji ekki leikskólakennara með framhaldsmenntun inn í leikskólana svaraði hún: „*Já. Þeir eru svo djúrir.*“ Athyglisvert er að skoða nánar þessa umræðu með tilliti til sérálits sem Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út í kjölfar skýrslu um eflingu leikskólastigsins til að halda á lofti sjónarmiðum sem ekki hlutu brautargengi við gerð skýrslunnar (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012). Mikilvægt er að hafa í huga að verulegur hluti starfsemi sambandsins felst í hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2013a). Í sérálitinu kemur fram óánægja með að efla eigi stöðu leikskólakennarastigsins með það að markmiði að fjölga leikskólakennurum með fimm ára meistaranám. Því er haldið fram að efling leikskólastigsins geti alveg eins falist í því að hækka menntunarstig sem flests starfsfólks og þar með talið ófaglærðra. Áhersla ætti að vera á fjölbreyttari námslok en meistaraáráðu á háskólastigi. Þá kemur fram í álitinu sambandsins að auknar menntunarkröfur á leikskólakennara séu ótímabærar og að þróunin sé mikið áhyggjuefni þar sem lenging námsins muni einungis auka á þann skort sem er á menntuðum leikskólakennurum. Einnig er bent á að tillögurnar kalli á aukin útgjöld fyrir bæði ríki og sveitarfélög (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012). Meiri áhersla virðist vera lögð hjá sambandinu á styttra nám í ljósi þess að það sé hagkvæmara fyrir sveitarfélögin. Það er ljóst við þennan lestur að hagsmunir sveitarfélaganna eru þarna í fyrir-rúmi en ekki hagsmunir leikskólakennarastéttarinnar. Dijk (2001) bendir á að valdamiklir hópar geti ákveðið hvað á heima í texta og hvað er sagt sem getur haft mikil áhrif á líf og aðstæður annarra hópa (bls. 357) líkt og hér er leitast við að gera.

Í lok sérálitsins kom fram umræða um að sátt ríkti í samfélaginu um það „*metnaðarfulla*“ starf sem fer fram í leikskólum (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012). Athyglisvert er að skoða þessa orðanotkun þar sem hugtökin menntun og metnaður fara gjarnan saman í daglegu tali um einstaklinga sem til dæmis sækja sér framhaldsmenntun. Í þessari umræðu er þó verið að tala gegn hærra menntunarstigi leikskólakennara. Þar af leiðandi veltum við því fyrir okkur hvort verið sé að stilla menntun og metnaði upp sem andstæðum hvað varðar leikskólakennaramenntun, það er í það minnsta ekki lagt að jöfnu. Ætla má að þessar hugmyndir um kyngervi og fagmennsku tengist neikvæðu viðhorfi til fagmennsku og umönnunarstarfa. Butler o.fl. (2012) benda á hvernig umönnunarstörf hafi gjarnan verið tengd heimilishaldi, það er einkasviðinu. Hugmyndir um fagmennsku tengjast aftur á móti störfum sem unnin eru fyrir utan heimilið (bls. 262) sem er hið opinbera svið. Í ljósi þessarar umræðu er vert að benda á eftirfarandi ályktun í sérálitinu: „*Mikilvægt er því að fríður ríki um leikskólastarf og að lögð verði áhersla á að hlúa að þeirri starfsemi*

*sem þar fer fram*“ (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012). Það má velta því fyrir sér hvort litið sé á kröfur leikskólakennara um lengingu leikskólakennaranámsins sem ófriðsamlega aðgerð og hvort Samband íslenskra sveitarfélaga muni leggja áherslu á að viðhalda ríkjandi fyrirkomulagi, samanber að hlúa að þeirri starfsemi sem þar er. Þetta kallar á umræðu um hvaða áherslur sveitarfélög vilji leggja í leikskólakennarastarfinu. Það er ekki nóg að hafa ítarlega námskrá ef ekki er þekking til staðar til að vinna eftir henni því eins og einn leikskólakennarinn benti á: „*Hvað ætla þeir að gera? Á að svelta skólana alla eða á að vera einhver fagmennska? Á þetta bara að vera róló [gæsluvöllur] aftur eða... þeir eru alltaf að þrengja að okkur þú veist, það má... eiginlega ekkert.*“

Þegar skoðaðar eru ástæður fyrir lengingu námsins þá bendir Jóhanna Einarsdóttir (2012) á að kennaranámið var endurskoðað í samræmi við Bologna-samþykktina þar sem gert er ráð fyrir samræmingu á kennaranámi í Evrópu. Markmiðið með því er að auðvelda flæði á milli Evrópulanda (bls. 4). Í greinargerð Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (2010) er lýst tillögum að námsskipan í námi kennara vegna lengingar kennaranáms í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og fjallað um nokkra lykilorð sem hafa áhrif á kennaramenntun (bls. 5 og 6). Þar er bent á að kennarar þurfa að glíma við fjölbreyttari verkefni en áður og búa yfir breiðari þekkingargrunni. Þeir þurfa til dæmis að móta námskrár, rækta siðferðiskennd og borgaravitund nemenda, stuðla að jafnrétti, auka skilning á lýðræði og þjálfá gagnrýnar samræður. Meiri þörf sé á því að þeir búi yfir mikilli samstarfshæfni til að geta unnið með ólíkum aðilum innan og utan skólans. Enn fremur þarf skóli án aðgreiningar að vera þungamiðja í kennaramenntun þar sem gerðar eru miklar kröfur um faglega hæfni kennara. Að lokum er áhersla á að mennta kennara til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum og að leiða faglega þróun þess. Mikil áhersla er lögð á að kennarar séu fagmenn og að þeir geti meðal annars tekist á við breytingar og verið virkir rannsakendur í eigin starfi (bls. 7-8). Í frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla kemur fram að markmiðið með lengingu kennaranámsins sé að leggja áherslu á að börn og ungmenni búi við sem best uppeldis- og námsskilyrði. Jafnframt að færa eigi skólastigin nær hvert öðru, það er leikskólann, grunnskólann og framhaldsskólann. Þannig sé hægt að stuðla að því að í leikskóla hefjist undirbúningur að samfellu í skólastarfi.

Þrátt fyrir þetta kemur fram í séráliti Sambands íslenskra sveitarfélaga (2012) að ekki hafi verið rökstutt hvaða atriðum var ábótavant í menntun leikskólakennara. Jafnframt segir að menntunarskortur leikskólakennara sé ekki vandi leikskóla, eða með öðrum orðum að lenging námsins skipti ekki öllu máli. Vandi leikskóla snúist um skort á menntuðum leikskólakennurum og að lenging námsins auki einungis við þann vanda. Athyglisvert er hvernig Samband íslenskra sveitarfélaga kemur þessum sjónarmiðum í fjölmiðla. Stuttu áður en sérálitið kom út bloggaði Halldór Halldórsson (2012) formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga á eyjan.is þar sem hann talaði um að það væri áhyggjuefni að nýnemum í leikskólakennaranáminu hefði fækkað mikið og taldi vera þörf á því að kanna hvort að lög um lengingu kennaranámsins hafi aukið á það vandamál. Nokkru eftir að sérálitið kom út birtist einnig frétt hjá Ríkisútvarpinu (2012) með yfirskriftinni

„*Vilja stytta nám leikskólakennara.*“ Þar kom fram að hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga væri talið að of langt hafi verið gengið með kröfu um fimm ára háskólanám. Í fréttinni er einnig tekið fram að námi geti fylgt mikill kostnaður og vinnutap og þar af leiðandi þurfi laun og vinnuáðstæður að vera freistandi til að fólk leggi út í fimm ára réttindanám. Þannig hafi lenging á námi leikskólakennara úr þremur árum í fimm valdið því að færri sjái sér hag í því að hefja nám sem vinni gegn markmiðum um fleiri leikskólustarfsfólk. Okkur finnst þetta athyglisverð umræða þar sem þarna er viðurkennt að þetta er láglaunastarf og í stað þess að tala um að efla starfið og laða að fólk með því að bæta kjör leikskólakennara þá er í rauninni talað um að halda stöðunni óbreyttri. Í fréttinni var heldur ekki fjallað um ástæður þess að talið er mikilvægt að lengja námið. Weber (2001) bendir á hvernig fjölmiðlar gegna því hlutverki að halda hugmyndum að fólki og viðhalda undirskipun ákveðinna hópa í samfélaginu og yfirráðum annarra (bls. 95). Þannig rata hugmyndir hinna valdameiri í samfélagsumræðuna og geta orðið ráðandi. Í þessu tilviki sú hugmynd að of langt hafi verið gengið með fimm ára háskólanámi og að með því sé verið að vinna gegn markmiðum um að auka hlutfall fagmenntaðs starfsfólks. Ýtt er undir þá hugmynd að fimm ára háskólanám sé óþarfi þegar kemur að leikskólakennaramenntun og um leið stuðlað að því að viðhalda undirskipun leikskólakennara á vinnumarkaðnum.

#### 4. Samantekt og umræða

Í upphafi var spurt: *Hvort og þá hvernig stuðla sveitarfélögin að eflingu leikskólakennarastarfsins og hvaða áhrif hefur efnahagslegur samdráttur á áherslur sveitarfélaganna?* Niðurstöður sýna að efnahagslegur niðurskurður hefur áhrif á faglegan stuðning sem veittur er starfsfólki leikskólanna, leiðbeinendum og leikskólakennurum, en stuðningurinn er fyrst og fremst í formi stuttra námskeiða. Starfsfólk á erfitt með að sækja þessi námskeið þar sem skortur er á afleysingu. Þessi skortur á afleysingu gerir það einnig að verkum að fundir og undirbúningur er í lágmarki sem hefur til að mynda áhrif á sjálfsmynd einhverra leikskólakennara sem upplifa að þeir séu ekki að sinna starfi sínu sem skyldi og samkvæmt þeim áherslum sem fagmennska þeirra byggir á. Jafnframt kemur skortur á afleysingu niður á fjölbreytni í leikskólastarfinu og skapar aðstæður sem geta, samkvæmt starfsfólki, haft neikvæð áhrif á líðan og öryggi barna í einhverjum tilvikum.

Í umræðu viðmælenda var varpað ljósi á jákvæð áhrif sameiningar leikskóla sem felast í því að faghópurinn stækkar. Aftur á móti hefur sameiningin áhrif á möguleika kvenna til að komast í stjórnunarstöður þar sem að þeim fækkar á sama tíma. Fækkun stjórnunarstaða í leikskólum er þó ekki einungis bundin sameiningu leikskóla heldur komu einnig fram hugmyndir um fækkun deildarstjóra í skýrslu sem unnin var fyrir Akureyrarbæ. Á þeim tíma sem hún var unnin voru leikskólakennarar tæplega 80% starfsfólks og hugmyndin var sú að fækka stjórnunarstöðugildum umtalsvert með afnámi deildarstjóra (Birna María Svanbjörnsdóttir og Trausti Þorsteinsson, 2011, bls. 3). Svona hagræðingaradræðir stuðla að því að viðhalda undirskipun kvenna á vinnumarkaðnum í stað þess að bæta stöðu kvenna eins og markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008) kveða á um. Þetta sýnir okkur hvernig kyngervi og stétt tvinnast saman

(Weber, 2001, bls. 101). Eins og sjá má bitna hagræðingaraðgerðir sveitarfélaganna á möguleikum leikskólakennara til að vinna faglega, möguleikum kvenna til að efla stöðu sína í samfélaginu og hugsanlega á líðan og öryggi barna.

Sýnt hefur verið fram á gildi leikskólakennaranámsins og lengingu þess fyrir leikskólastarfið og skólastarf almennt (Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 2010) en þó er reynt að halda því að almenningi að lengingin sé óþörf. Umbætur og þróun í leikskólastarfi virðast þannig mæta andstöðu þar sem meiri áhersla virðist lögð á að draga úr rekstrarkostnaði en að fjölga leikskólakennurum (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012). Þetta gefur til kynna að það sé gjá á milli þeirra sem eru í forsvari fyrir menntun leikskólakennara og börðust fyrir lengingu námsins og þeirra sem eru í forsvari fyrir rekstraraðila. Það virðist ekki vera skilningur á því að starfið krefjist menntunar og að kröfur til leikskólakennara hafi aukist. Skortur á skilningi á starfi leikskólakennara virðist tengjast þeirri hugmynd að starfið sé eðlileg framlenging á náttúrulegu hlutverki kvenna (Butler o.fl., 2012, bls. 262). Kenningarlegur rammi Weber (2001) um samtvinnun kyngervis og stéttarstöðu varpar ljósi á valdabaráttu og jaðarsetningu leikskólakennarastarfsins innan tveggja sveitarfélaga þar sem stéttarstaða og kyngervi skipta máli.

Ef breyta á ríkjandi hugmyndum og bæta stöðu leikskólakennara og um leið stöðu kvenna á vinnumarkaðnum skiptir máli að stefna stjórnvalda sé tekin alvarlega og henni framfylgt. Tryggja þarf að farið sé eftir lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, lögum um leikskóla, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og Aðalnámskrá leikskóla. Ef markmiðið er að efla fagmennsku í leikskólum þá þarf öflugan faghóp. Ljóst er að sá hópur kostar umtalsvert meira en hópur án fagmenntunar og því þarf að auka það fé sem ætlað er í rekstur leikskólanna. Með auknu fé má efla faghópinn og skapa honum vettvang til að sinna starfinu samkvæmt þeim kröfum sem nú eru gerðar.

## Aftanmálgrein

- Greinin er byggð á niðurstöðum meistaraþrófrannsóknar Laufeyjar Axeldóttur í kynjafræði við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, *Leikskólakennarastarfið í fémínísku ljósi: Samskipti kvenna og karla, fagleg staða og ábrif sveitarfélaga á stöðu og þróun leikskólakennarastarfsins*. Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir var leiðbeinandi.

## Heimildir

- Anderson, E. (2012). Feminist epistemology and philosophy of science. The Stanford Encyclopedia of Philosophy (2012 útgáfan), Edward N. Zalta (ed.). Sótt 5. febrúar 2013 á <http://plato.stanford.edu/archives/fall2012/entries/feminism-epistemology/>
- Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir. (2010). „Þróun menntunar leikskólakennara“, í Ásmundur Örnólfsson, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir og Ingibjörg Kristleifs-dóttir (ritstj.), *Spor í sögu stéttar. Félag leikskólakennara 60 ára* (bls. 13-15). Reykjavík: Skrudda ehf.
- Anna Borgþórsdóttir Olsen, Halldóra Gunnarsdóttir og Ragna B. Garðarsdóttir. (2010). *Úttekt á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Arna H. Jónsdóttir. (2001). Starfsánægja og stjórnun í leikskólum. *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennara-háskóla Íslands*, 10, 45-59.

- Arna H. Jónsdóttir. (2005). „Fagþróun leikskólakennara“, í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstj.), *Kynjamyndir í skólalastarfi* (bls. 125-149). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Arna H. Jónsdóttir. (2009). „Kvenlægur arfur og karllægur valdapiRAMÍDI. Sérstaða leikskólans og hin eilíflu átök“, *Netla – Vefámarit um uppeldi og menntun*. Sótt 18. apríl 2013 á <http://netla.hi.is/greinar/2009/007/02/index.htm>
- Arna H. Jónsdóttir. (2012). *Professional roles, leadership and identities of Icelandic preschool teachers: Perceptions of stakeholders*. Doktorsritgerð: University of London, Institute of Education.
- Birna María Svanbjörnsdóttir og Trausti Þorsteinsson. (2011). *Stjórnkerfi skóla á Akureyri*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri. Miðstöð skólalárnar HA.
- Butler, N., Chillas, S. og Muhr, S. L. (2012). „Professions at the margins“, *ephemera: theory & politics in organization*, 12(3), 259-272.
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory. A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage Publications.
- Connell, R. W. (2005). *Masculinities* (2. útgáfa). Cambridge: Polity Press.
- Dijk, T. A. V. (2001). „Critical discourse analysis“, í Tannen, Schiffrin & Hamilton (ritstj.). *Handbook of Discourse Analysis* (bls. 352-371). Oxford: Blackwell.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.
- Félag leikskólakennara. (2011). *Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara*. Sótt 5. apríl 2013 á [http://issuu.com/kennarasamband/docs/f\\_lag\\_leisk\\_lakennara\\_kjarasamni\\_977bcb982bb8ab?e=10593660/7245257](http://issuu.com/kennarasamband/docs/f_lag_leisk_lakennara_kjarasamni_977bcb982bb8ab?e=10593660/7245257)
- Forsætisráðuneytið. (2004). *Skýrsla nefndar um efnabagsleg völd kvenna*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Hagstofa Íslands. (16. maí 2013a). *Leikskólar, fjöldi barna og barngildi eftir rekstraradílum 1998-2012*. Sótt 10. mars 2014 á <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO01201%26ti=Leisk%F3lar%2C+fj%F6ldi+barna+og+barngildi+eftir+rekstrara%F0ilum+1998%2D2012+%26path=../Database/skolamal/lsSkolahald/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (4. desember 2013b). *Nemundur eftir námsbraut, skólástigi, tegund náms, almennu sviði og kyni 1997-2012*. Sótt 9. desember 2013 á <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO04103%26ti=Nemundur+eftir+n%E1msbraut%2C+sk%F3lastigi%2C+tegund+n%E1ms%2C+almennu+svi%F0i+og+kyni+1997%2D2012+%26path=../Database/skolamal/hsNemundur/%26lang=3%26units=-Fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (16. maí 2013c). *Starfsfólk í leikskólum eftir kyni, starfssviðum og rekstraradílum 1998-2012*. Sótt 9. desember 2013 á <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01300%26ti=Starfsf%F3lk+%ED+leisk%F3lum+eftir+kyni%2C+starfssvi%F0um+og+rækstrara%F0ilum+1998%2D2012%26path=../Database/skolamal/lsStarfsfolk/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Halldór Halldórsson. (2012, 6. febrúar). Dagur leikskólans 6. febrúar, *Eyjan.is*. Sótt 29. apríl 2013 á <http://blog.pressan.is/halldor/2012/02/06/dagur-leiskolans-6-februar/>
- Harding, S. (1996). „Rethinking standpoint epistemology: What is ‘strong objectivity’?“, í Keller og Longino (ritstj.), *Feminism and Science* (bls. 235-248). Oxford: Oxford University Press.
- Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2011). „Rosaleg óvissa hjá okkur og vondur tími.“ Um starfsöryggi og líðan kennara eftir hrun“, *Netla – Vefámarit um uppeldi og menntun*. Sótt 18. apríl 2013 á <http://netla.hi.is/menntakvika2011/014.pdf>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (1996, apríl). *Teacher’s work and theories of professionalism: Conceptualizing a new approach*. Sótt 8. mars 2013 á <http://www.ismennt.is/not/ingo/TEAWORK.HTM>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). „Leikskólakennaramenntun í mótun“, *Netla – Vefámarit um uppeldi og menntun*. Sótt 24. mars 2013 á <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/002.pdf>

- Kim, M. (2013). „Constructing occupational identities: How female preschool teachers develop professionalism“, *Universal Journal of Education Research*, 1(4), 309-317.
- Kristín Dýrfjörð. (2011). „Áhrif nýfrjálshyggju á íslenskt leikskólastarf“, *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 47-68.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla* nr. 10/2008.
- Lög um leikskóla* nr. 90/2008.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og frambaldsskóla* nr. 87/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010). *Skeýrsla nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámsskrá leikskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Menntavísindasvið Háskóla Íslands. (2010). *Greinargerð um námsleiðir í kennaranámi við Menntavísindasvið HÍ. Afgangskýrsla III*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- O'Reilly, K. (2005). *Ethnographic methods*. London: Routledge Taylor & Francis Group.
- Osgood, J. (2012). *Narratives from the nursery. Negotiating professional identities in early childhood*. New York: Routledge.
- Ríkisútvarpið. (2012, 24. september). *Vilja stytta nám leikskólakennara*, Ríkisútvarpið, Innlent, menntamál. Sótt 29. apríl 2013 á <http://www.ruv.is/frett/vilja-stytta-nam-leikskolakennara>
- Rósa Eggertsdóttir. (2002, 13. apríl). *Starfsþróun kennara. Helstu niðurstöður á ETAI – rannsóknar- og þróunarverkefningu og kynning á þessu efni í bókinni Bætt skilyrði til náms – starfsþróun í heiltæku skólastarfi*. Sótt 29. mars 2014 á <http://vefir.unak.is/etai/starfsthroun.pdf>
- Rúnar Sigþórsson. (2004). „Hún er löng, leiðin til stjarnanna. Þarfir nemenda, starfsþróun og skólaþróun“, *Netla – Vefritarrit um uppeldi og menntun*. Sótt 29. mars 2014 á <http://netla.hi.is/grein-ar/2004/008/index.htm>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2011). *Hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga: Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2011*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2012). *Sérálit Sambands íslenskra sveitarfélaga með skýrslu með skýrslu um eflingu leikskólustigsins*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2013a). *Sambandið*. Sótt 4. apríl 2013 á <http://www.samband.is/um-okkur/>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2013b). *Skólaskýrsla 2013*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Velferðarráðuneytið. (2014). *Aðgerðarþópur um launajafnrétti á vinnumarkaði. Vinnu- og afgangskýrsla 2013. Launarrannsóknir og átaksverkefni um launajafnrétti á vinnumarkaði*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.
- Walby, S. (1990). *Theorizing Patriarchy*. Oxford UK: Basil Blackwell Ltd.
- Weber, L. (2001). *Understanding race, class, gender and sexuality: A conceptual framework*. Boston: McGraw Hill.
- West, C. og Zimmerman, D. H. (1987). „Doing gender“, *Gender and Society*, 1(2), 125-151.
- Wodak, R. og Meyer, M. (2001). *Methods of critical discourse analysis*. London: Sage Publications Ltd.
- Yuval-Davis, N. (2006). „Intersectionality and feminist politics“, *European Journal of Women's Studies*, 13(3), 193-209.
- Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. (2007). „Jafnrétti fyrir alla“, í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII. Félagsvísindadeild* (bls. 403-414). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þórdís Þórðardóttir. (2005). „Konur og kennsla“, í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstj.), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 67-84). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

